



- ISO 9000, ISO 9001 og ISO 9004 -

Endurskoðun gæðastjórnunarstaðlanna

Ný útgáfa staðalsins ISO 9000 kom út í vor og heitir fullu nafni ÍST EN ISO 9000:2005 *Gæðastjórnunarkerfi - Grunnatriði og iðorðasafn*. Breytingar frá fyrri útgáfu felast aðallega í uppfærslum og viðbótum og því að samræma staðalinn við við ISO 14000 staðlaröðina

Helstu breytingar á ISO 9000

Stærstu breytingarnar hafa orðið á 3. kafla, en þar hefur auk textabreytinga verið bætt við fimm nýjum skilgreiningum, athugasemdir endurskoðaðar, sumar felldar niður, aðrar sameinaðar og nýjum bætt við. Af þessum breytingum á 3. kafla leiðir svo að venslamyndir í viðauka hafa breyst. Einnig hafa verið gerðar smávægilegar textabreytingar hér og þar. Til dæmis er *gæðatryggingu* (e. quality assurance) breytt í *gæðastjórnun* (e. quality management). Sem sagt, breytingarnar eru smávægilegar en skipta samt máli.

Viðauki við ISO 9001 og endurskoða ISO 9004

ISO 9001 og 9004 eru báðir frá því um aldamót. Í lok síðasta árs var formlega byrjað á endurskoðun þeirra. Lagt var kerfisbundið mat á staðlana og út frá því voru settar fram tillögur um tilhögun endurskoðunarinnar og breytingar. Lagt var til að gera viðauka við ISO 9001 en endurskoða ISO 9004. Tilgangurinn með viðaukanum við ISO 9001 skyldi vera að:


- gera staðalinn auðskiljanlegri og auðveldari í notkun
- bæta samræmi við ISO 14001
- halda samkvæmninni við ISO 9004.

Hvað varðar ISO 9004 *Gæðastjórnunarkerfi - Leiðbeiningar um bætta frammistöðu*, var lagt upp með öllu róttækari hugmyndir. Tilgangur endurskoðunarinnar skyldi vera að búa til nýjan staðal sem leiðbeinir fyrirtækjum um stefnumörkun og rekstrarlega stjórnun á leið til viðvarandi árangurs. Staðallinn ætti að innihalda leiðbeiningar og tilmæli en ætti ekki að vera notaður til skráningar eða vottunar, ekki í reglugerðum eða samningum, eða sem leiðbeining við innleiðingu ISO 9001.

ISO 9004 ætti meðal annars að

- vera byggður á hinum 8 grunnreglum gæðastjórnunar
- gefa leiðbeiningu um:
 - stefnumarkandi og rekstrarlega ferla fyrirtækisins
 - markmið varðandi ánægju og tryggt viðskiptavina og gæði framleiðslu
 - mat á árangri og skilvirkni gæðastjórnunarkerfisins
 - samþil milli gæðastjórnunarkerfisins og annarra stjórnunarkerfa innan fyrirtækisins
 - vöktun og mat á árangri með tilliti til markmiða, framtíðarsýnar og tilgangs fyrirtækisins.
- taka tillit til:
 - siðfræðilegra og félagslegra þátta
 - tilgangs og framtíðarsýnar fyrirtækisins.

Þetta og fleira var lagt var til grundvallar við upphaf endurskoðunarinnar á ISO 9004. Það verður spennandi að sjá útkomuna.



*Sigurður Freysson,
verkfræðingur hjá Staðlaráði.*

Samkvæmt áætlun á vinnu við báða staðlana að vera lokið fyrir mitt ár 2008. Stefnt er að því að þeir komi út í lok árs 2008.

www.stadlar.is

Það er einfalt að finna og panta staðla.

íST 30 á ensku

- bls. 4

Skipulagsbreytingar

- bls. 2

- Skipulagsbreytingar hjá Staðlaráði -

Starfsreglur endurskoðaðar

Á aðalfundi Staðlaráðs 24. maí Ásíðastliðinn fjölgaði aðilum Staðlaráðs úr 15 í 87, þegar aðilar þriggja fagráða Staðlaráðs (Byggingarstaðlaráðs, Fagráðs í upplýsingatækni og Rafstaðlaráðs) gerðust aðilar að Staðlaráði. Ástæða þessa var skipulagsbreyting sem lögð voru drög að þegar árið 2003 með samþykkt nýrra laga um staðla og Staðlaráð Íslands. Fagráð höfðu verið starfandi á vegum Staðlaráðs frá stofnun þess, og sinnt staðlastarfi hvert á sínu fagsviði, án þess að hafa til þess það formlega umboð sem lagaheimild veitir. Þessu var talið brýnt að bæta úr og var það gert með lögum nr. 36/2003, en þar segir í 4. mgr. 4. gr.: „Staðlaráð Íslands getur starfrækt fagstaðlaráð á einstökum fagsviðum í samvinnu við hlutaðeigandi hagsmunaaðila. Hlutverk fagstaðlaráða er að samræma og hafa frumkvæði að stöðlunarvinnu á sínu sviði.“

Starfsreglur endurskoðaðar

Í framhaldi af gildistöku laganna voru starfsreglur Staðlaráðs endurskoðaðar og gerðar þær breytingar sem allra nauðsynlegastar voru til að taka mið af nýjum lögum. Þær voru samþykktar á aðalfundi árið 2004. Hins vegar kom í ljós að þörf væri á ítarlegri endurskoðun starfsreglnanna, bæði til að aðhæfa þær betur að nýjum lögum (sérstaklega að því er varðar fagstaðlaráð) og einnig vegna þess að upprunalegu reglurnar voru samdar árið 1993, þegar Staðlaráð hafði ekki með höndum sjálfstæðan rekstur heldur keypti þjónustu af Iðntæknistofnun, og báru þær þess nokkur merki. Stjórn Staðlaráðs taldi því rétt að endurskoða reglurnar í heild sinni, stytta þær og einfalda. Jafnframt var gert ráð fyrir að samdar verði verklagsreglur um ýmsa þætti starfsins þar sem ákvæði starfsreglna eru nánar útfærð.

Markmiðin með breytingunum eru:

- að efla Staðlaráð sem miðstöð stöðlunarstarfs,
- að auka þátttöku fyrirtækja í staðlastarfi,

- að einfalda skipulag Staðlaráðs,
- að einfalda reglurnar og taka út ýmis atriði sem miðuðust við aðstöðu Staðlaráðs við stofnun þess árið 1993 þegar það var ekki með sjálfstæðan rekstur,
- að styrkja umboð fagstaðlaráða til fagvinnu á sínu sviði,
- að efla starf fagstaðlaráða og treysta fjárhag þeirra.

Eftir breytingu er ekki um sjálfstæða aðild að fagstaðlaráðum að ræða, heldur getur sérhver aðili Staðlaráðs valið sér það fagsvið sem hann vill starfa á og rennur þá aðildargjald hans óskert til þess fagstaðlaráðs, en jafnframt nýtur hann fullra réttinda sem aðili að Staðlaráði.

Þessar breytingar voru samþykktar á aðalfundi Staðlaráðs 2005, en jafnframt var gert ráð fyrir að nýjar starfsreglur fyrir fagstaðlaráðin yrðu samþykktar á aðalfundi 2006, og eftir það teldust breytingarnar að fullu komnar til framkvæmda. Markverðasta breytingin felur í sér að fagráðin, sem áður voru fjárhagslega sjálfstæðar einingar innan Staðlaráðs, breyttust í fagstaðlaráð, sem eru í faglegru og fjárhagslegri forsjá Staðlaráðs. Það var álit þeirra sem stóðu að þessari breytingu að með þessu væru línur um ábyrgð og frumkvæði stöðlunar á fagsviðum skýrðar til muna.

Rýmri fjárhagur fagstaðlaráða

Á liðnum vetri var mikil vinna lögð í að gera nýjar starfsreglur fyrir fagstaðlaráðin, í samstarfi við þau. Gerður var ákveðinn rammi sem samþykktur var af stjórn Staðlaráðs (en þar eiga formenn fagráða fast sæti), og fagstaðlaráðin sömdu síðan hvert fyrir sig starfsreglur sínar inn í þennan ramma. Starfsreglurnar eru því byggðar á sama grunni þó að þær séu ekki nákvæmlega eins. Með staðfestingu þeirra urðu aðilar fagráðanna sjálfkrafa aðilar að Staðlaráði. Hér er um meginbreytingu að ræða því að áður gátu fyrirtæki og stofnanir átt aðild að fagráði eingöngu, án aðildar að Staðlaráði. Nú velja aðilarnir til hvaða



*Guðrún Rögnvaldardóttir,
framkvæmdastjóri Staðlaráðs.*

fagstaðlaráðs (eða -ráða) þeir ráðstafa aðilargjöldum sínum. Með þessu móti munu fagstaðlaráðin hafa meira fjármagn til að vinna að málefnum á sínu fagsviði.

Fulltrúar allra fagstaðlaráðanna kváðust á aðalfundinum vonast til að breytingarnar myndu leiða til öflugri starfsemi og betri tengsla milli þeirra sem vinna að staðlastarfi í landinu. Það er von mín að þetta gangi eftir og að fleiri fyrirtæki og stofnanir muni framvegis sjá sér hag í að ganga til liðs við Staðlaráð og taka þátt í staðlastarfi, til hagsbóta fyrir sig sjálf og ekki síður atvinnulíf landins í heild. Afnám tæknilegra viðskiptahindrana, aukið frelsi í vöruviðskiptum og nýskipan opinbers eftirlits innan Evrópska efnahagssvæðisins byggist að miklu leyti á notkun staðla, og hagsmunaaðilar eru smám saman að átta sig á mikilvægi þess að taka þátt í, eða a.m.k. fylgjast með, evrópsku og alþjóðlegu staðlastarfi. Það nær enginn árangri í leik sem ekki þekkir reglurnar.

- Mannabreytingar -


Nýr starfsmaður í sölu

Anna María Lind Geirsdóttir hefur um fimm ára skeið þjónað viðskiptavinum Staðlaráðs. Hún hefur ákveðið að láta það gott heita - í bili að minnsta kosti. Um leið og Staðlaráð þakkar Önnu Maríu fyrir frábær störf, bjóðum við nýjan starfsmann, Margræti Marísdóttur, hjartanlega velkominn. Hún mun standa vaktina í sölunni ásamt Önnu Þóru Bragadóttur sölustjóra.




Margræti Marísdóttir sölufulltrúi.

Gæðatvenna



Sumartilboð!



ISO 9001 fyrir lítil fyrirtæki +
ISO 9000 Kjarnastaðlarnir
með 20% afslætti, aðeins kr. 10.960,-

Gæðatvennan tryggir þér þau rit sem mestu skipta í gæðastjórnun,

Pantaðu tvennuna í síma 520 7150
eða á www.stadlar.is



ISO 9001 fyrir lítil fyrirtæki – Leiðsögn

Handbókin vinsæla frá ISO í íslenskrí þýðingu. Með bókinni geta fyrirtæki notið leiðsagnar þeirra manna sem áttu stærstan þátt í gerð ISO 9000 gæðastjórnunarstaðlanna og gerst þekkja hvernig taka á upp gæða-stjórnunarkerfi byggt á ISO 9001:2000.

Ómetanlegt stuðningsefni við kjarnastaðlana fjóra í ISO 9000 röðinni; ISO 9000, 9001, 9004 og 19011.

ISO 9001 kjarnastaðlarnir – Hljóma betur saman (ný utgáfa)

Kjarnastaðlarnir fjórir í ISO 9000 röðinni í einni bók:
• ISO 9000 • ISO 9001 • ISO 9004 • ISO 19011

Pantaðu gæðatvennuna í síma 520 7150 eða á www.stadlar.is



- ÍST 30 -

Íslenskur staðall um verkframkvæmdir á ensku

Staðlaráð hefur unnið að því að þýða á **Ensku staðalinn ÍST 30 Almennir útbóðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir**. Enska heitið er **Conditions of contract for building and works of civil engineering construction**.

Auðveldar samskipti

Ýmsir sem hagsmuna eiga að gæta óskuðu eftir að ráðist yrði í þetta verkefni. Rökin voru ýmist verkefni erlendis, þar sem íslenskar reglur eru notaðar, eða verkefni hérlendis sem erlendir aðilar koma að. Talin

var þörf á enskri útgáfu til að auðvelda samskipti milli aðila. Þýðingin liggur nú fyrir. Hægt er að panta staðalinn á vef Staðlaráðs Íslands, www.stadlar.is, eða hringja í síma 520 7150.

Pálmi Ragnar Pálmason, VST, Finnur Jónsson, Hönnun og Jóhann Kröyer, Landsvirkjun, unnu að því á vegum BSTR að fara yfir þýðinguna. Þeim er þakkað sérstaklega fyrir fjölmargar ábendingar og athugasemdir sem urðu til þess að bæta þýðinguna og auka notagildi hennar.

Dr. Hafsteinn Pálsson, ritari BSTR.



Íslenskur varaforseti CENELEC

Á aðalfundi evrópsku rafstaðlasamtakanna CENELEC sem fram fór í Pessaloníku í Grikklandi 8. júní síðastliðinn var Guðrún Rögnvaldardóttir, framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands, kjörin í eitt af fjórum varaforsetaembættum samtakanna til næstu tveggja ára, 2007-2008. Hún tekur þar með sæti í sjö manna framkvæmdastjórn CENELEC.

Guðrún verður ekki aðeins fyrsti Íslendingurinn sem tekur sæti í stjórn CENELEC, heldur einnig fyrsta konan.

Samtökin eru 33 ára gömul, stofnuð 1973. Staðlaráð gerðist aðili að þeim árið 1988. Aðilar eru staðlastofnanir (í sumum tilvikum sérstakar rafstaðlastofnanir) 29 Evrópulanda, þ.e. allra aðildarlenda Evrópusambandsins og EFTA, auk Rúmeníu.



Staðlar létta þér lífið...

... þegar þú spilar fótbolta

Staðallinn ÍST EN 13061 *Hlíðarfatnaður - Legghlífar fyrir knattspyrnuíðkendur - Kröfur og þrófunaraðferðir* er einn fjölmargra staðla sem tengjast íþróttum og öryggi íþróttaiðkenda.

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.